

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24 apríl 2024 lagði áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins fram svohlóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi flokks fólksins óskar upplýsinga á hver staðan er á framkvæmdum á byggingum færanlegra leikskólaeininga, ævintýraborga. Einnig er óskað upplýsinga um framgang viðgerða og viðhalds á leikskólabyggingum sem eru með myglu og raka.

Greinargerð

Ástandið í leik- og daggæslumálum borgarinnar er óásættanlegt. Enginn mótmælir því, ekki einu sinni meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur. Fyrst þegar hugmyndin um hinar svokölluðu ævintýraborgir, hreyfanlegir einingarleikskólar, var lögð á borð borgarstjórnar fylltust allir von og trú um að nú væri að nást utan um þennan gamla gróna vanda sem er hvað áþreifanlegastur á haustin. Mikil fjölgun hefur verið á umsóknum og má rekja vandann helst til húsnæðisleysis og manneklu. Ekki liggur fyrir hver staðan er á þessum framkvæmdum og hvenær hreyfanlegir einingarleikskólar verða komnir í notkun. Einnig er ekki ljóst hvenær viðgerðum verður lokið á þeim leikskólum sem dæmi hafa verið ónothæfir vegna myglu og raka. Vitað er að miklar tafir er á þessum framkvæmdu. Foreldrum hefur ýmist verið lofað leikskólapláss fyrir börn sín í leikskólum sem ekki hafa verið byggðir eða þeir eru á biðlista með börn sín um ókomna tíð vegn myglu og eða mannekluvanda. Vandinn hefur aldrei verið eins átakanlegur og nú. Störf í leikskóla eru ekki eftirsótt, alla vega ekki nógu eftirsótt. Launin eru léleg og álag mikið. Hvað fór úrskeiðis með Brúum bilið verkefnið og með þessar færanlegu einingar?